



Sveitarfélög á Norðurlandi eystra
Kvennaathvarfinu, 26. september 2025

Umsókn um rekstrarstyrk til Kvennaathvarfs á Norðurlandi

Í ágúst 2020 opnuðu Samtök um kvennaathvarf neyðarathvarf á Akureyri sem ætlað er konum og börnum þeirra, sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis. Konur og börn dvelja í athvarfinu að kostnaðarlausu og eru þar eins lengi og þörf krefur. Á meðan á dvöl stendur fá þær m.a. ráðgjöf og hjálp við að tengjast fagaðilum.

Með sífellt aukinni aðsókn kvenna og barna í athvarfið hafa Samtök um kvennaathvarf bætt töluvert við þjónustu sína, þá aðallega með því að auka við viðveru ráðgjafa og annarra starfskvenna í athvarfinu, en einnig með því að bjóða uppá viðtalsþjónustu fyrir konur sem ekki dvelja í athvarfinu sjálfu og bjóða uppá aukna fræðslu, stuðning og kynningarstarfsemi fyrir starfsfólk í framlínunni.

Árlega senda Samtök um kvennaathvarf beiðni um styrk til allra sveitarfélaga á landinu en við leitum sérstaklega til sveitarfélaga á Norðurlandi eystra eftir styrk til að standa undir kostnaði vegna húsnæðis. Hér má sjá áætlaðan kostnað vegna reksturs Kvennaathvarfs á Akureyri fyrir árið 2026:

Launakostnaður 32 mkr.

Húsnæðiskostnaður 4,3 mkr.

Annar rekstrarkostnaður 6 mkr.

Samtals 42,3 mkr.

Ljóst er að sú þjónusta sem Kvennaathvarfið býður uppá hefur sannað mikilvægi sitt og fest sig í sessi á svæðinu. Það er von okkar að sveitarfélög á Norðurlandi eystra taki þátt í að tryggja áfram framboð á þessari gríðarlega mikilvægu þjónustu. Fyrir hönd Samtaka um kvennaathvarf er hér með óskað eftir styrk frá sveitarfélögum á Norðurlandi eystra til að mæta húsnæðiskostnaði athvarfsins fyrir árið 2026, alls 4,3 milljónir króna.

Með bestu kveðjum.

Fyrir hönd Samtaka um kvennaathvarf,
Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra